

**Mál nr. 131/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega og almenn slysáttrygging.****Slysahtugtakið.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 20. maí 2022.
3. Bréf V2 dags. 27. maí 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. júní 2022.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að hinn 6. október 2021 hafi M, við vinnu sína hjá X, verið að beygja ryðfrítt stál í þartilgerðri vél. Hafi hann misst lítið stykki inn í vélina og þurft að ná í það að aftanverðu. Hafi hann opnað vélina að aftan, slegið út hreyfanlegum hlutum hennar, og farið á fjóra fætur til að teygja sig eftir stykkinu. Hafi vinstri fótur hans þá runnið til í olíu, sem hafi verið úti um alla vél og á gólfinu við hana. Við það hafi snúist upp á M og slinkur komið á bak hans. Leitaði M samdægurs til læknis og í fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 19. janúar 2022, er atvikum lýst svo „Var að beygja sig í vinnu í dag, fór niður á 4 fætur og teygði sig undir vél, sveigði við það upp á hrygginn. Fékk ekki högg á sig.“ Í fyrirbyggjandi sjúkradagpeningavottorði til Sjúkratrygginga, dags. 17. desember 2021, kemur þá fram að M hafi fengið skyndilegt tak í bakið við vinnu sína. Í læknisvottorði, dags. 4. mars 2022, kemur fram að M hafi óskað eftir því að upplýsingar um vinnuslysið komist betur til skila og segir þar m.a. svo um atvik málsins: „... fer á fjóra fætur og teygir sig undir arma sem eru staðsettir neðarlega til að ná í stykkið. Þegar hann er búinn að ná því rennur vinstri löppin til og líkaminn snýr upp á sig.“ Þá er fyrirbyggjandi tilkynning X til Vinnueftirlitsins þar sem atvikum er lýst svo „Starfsmaður missti smáhlut úr áli, beygði sig niður á fjóra fætur og fékk tak í bakið.“ Þá liggur fyrir, sbr. fjarvistavottorð, dags. 17. desember 2021, að M var óvinnufær með öllu frá slysegi og til 6. janúar 2022. Vegna líkamstjóns síns krafðist M bóta, annars vegar úr slysáttryggingu launþega X hjá V1 og hins vegar úr almennri slysáttryggingu M hjá V2. V1 og V2 hafi bæði hafnað kröfu hans á grundvelli þess að ekki væri um að ræða atvik sem félli innan slysahtuktaks váttryggingaréttar. Telur M að sú afstaða byggji á gögnum sem gefi ekki rétta mynd af atburðum, enda hafi málsatvikalýsing síðar verið leiðrétt, en við fyrstu komu M til læknis og í tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi verið að finna ranga atvikalýsingu. M verði ekki gert að bera hallann af því og verði að gera kröfu til þess að afstaða félaganna byggist á nýjum og réttum gögnum. Hvað varði slysáttryggingu launþega sérstaklega þá hafi verið um vinnuslys að ræða sem ekki hafi verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 13. október 2021. Þar sem X hafi ekki fylgt fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins og engin rannsókn hafi farið fram af hálfu þess verði að leggja framburð M um atvik málsins til grundvallar. Telur M samkvæmt framansögðu ljóst að um slys í skilningi váttryggingaréttar hafi verið að ræða og því sé bótaskylda til staðar.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji umrætt atvik ekki falla undir slysahtuktaks váttryggingaréttar, en með slysi sé átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannarlega án vilja hans“. Algert samræmi sé milli atvikalýsingar sem M gaf samdægurs hjá lækni og þeirrar lýsingar sem fram komi í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins. Með vísan til samtímagagna sé bótaskylda því hafnað enda telji félagið ljóst að um álagsmeiðsli sé að ræða. Álagsmeiðsli og meiðsli sem eigi uppruna sinn innan líkama váttryggðs séu almennt ekki talin slys í skilningi slysahtuktaksins enda komi slík meiðsli yfirleitt til vegna rangra hreyfinga váttryggðs en ekki utanaðkomandi orsaka. Verði að byggja á samtímagögnum hvað þetta varði og breytt frásögn M verði ekki lögð til grundvallar nema hún sé studd frekari gögnum en um slíkt sé ekki að ræða.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er vísað til 2.2 gr. skilmála almennrar slysáttryggingar M hjá V2 þar sem slys sé skilgreint sem „skyndilegur, utanaðkomandi atburður, sem veldur tjóni á líkama þess sem váttryggður er, og gerist án vilja hans.“ Samtímagögn málsins bendi ekki til þess að utanaðkomandi atburður hafi orsakað áverka M og álagstengd meiðsli eða áverkar sem orsakist af rangri líkamsbeitingu falli ekki

undir ofangreint slyshugtak. Höfnun V2 byggir alfarið á framburði málsaðila, sbr. fyrirbyggjandi læknisvottorð en ekki síðari lýsingu, sem hafi ekki komið fram fyrr en með tjonstilkynningu, eftir að M leitaði aðstoðar lögmanns.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega hafnað að sú leiðrétting sem M hafi gert á atvikalýsingu sé tilraun til að láta atvikið falla að slyshugtakinu. Ábyrgð á rangri skráningu læknis verði ekki lögð á M og hafi hann látið leiðrétta atvikalýsingu um leið og ljóst var að hún var ranglega skráð. Við upphaflega komu til læknis hafi M auk þess verið kvalinn og ekki sé hægt að ætlast til að frásögn hans á þessum tíma hafi verið skýr. Leiðrétt lýsing í nýju læknisvottorði sé hins vegar mun ítarlegri. Hvað varðar lýsingu á atvikum í tilkynningu til Vinnueftirlitsins er bent á að um sé að ræða tilkynningu vinnuveitanda en ekki lýsingu M sjálfs og verði hún því ekki lögð til grundvallar þegar ný gögn með rétttri atvikalýsingu liggi fyrir. Verði að leggja frásögn M, í leiðréttu læknisvottorði og tjonstilkynningum til félaganna, til grundvallar enda sé þar um að ræða beina frásögn hans sjálfs, en ekki þriðja aðila.

### Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slyshugtak vátryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, en bæði V1 og V2 byggja afstöðu sína á því að svo sé ekki. Af gögnum málsins að dæma eru vísbendingar um að umrætt atvik hafi ekki verið réttilega tilkynnt Vinnueftirlitinu, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, þó það verði ekki fullyrst á grundvelli þeirra. Jafnvel þó byggt verði á lýsingum M um þau atvik sem leiddu til líkamstjóns hans, verður þó almennt ekki byggt á síðar tilkominni frásögn tjonþola nema frekari gögn styðji við hana. Eins og að framan greinir liggur fyrir læknisvottorð, dags. 19. janúar 2022, þar sem kemur fram að í gögnum um fyrstu komu M til læknis komi fram sú atvikalýsing að M hafi sveigt upp á hrygginn við að fara niður á fjóra fætur en að hann hafi ekki fengið högg á sig. Er ekki sýnt fram á annað en að umrædd lýsing sé í samræmi við frásögn M á þeim tíma. Sambærilega lýsingu er að finna í tilkynningu sem barst Vinnueftirlitinu hinn 13. október 2021 og í sjúkradagpeningavottorði, dags. 17. desember 2021, þar sem segir að M hafi fengið skyndilegt tak í bakið. Í tjonstilkynningum til V1 og V2, dags. 18. nóvember 2021, segir hins vegar að mikil olía hafi verið á gólfinu og M því farið á fjóra fætur, en hann hafi þurft að teygja sig og snúa upp á sig til að sækja stykkið í vélina. Hafi hann þá runnið skyndilega til og fengið slink á bakið. Í læknisvottorði, dags. 4. mars 2022, kemur þá fram að M hafi óskað eftir því að frekari upplýsingar um atvikið kæmust til skila og er atvikum þar lýst svo að eftir að M hafi náð umræddu stykki hafi vinstri fótur hans runnið til og líkami M snúið upp á sig. Er því nokkurt misræmi milli þeirrar atvikalýsingar sem höfð er eftir M við fyrstu komu til læknis og kemur jafnframt fram í vottorði dags. 17. desember 2021 og tilkynningu til Vinnueftirlitsins annars vegar og hins vegar þeirrar lýsingar sem fram kemur í tjonstilkynningum og læknisvottorði dags. 4. mars 2022. Engin vitni virðast hafa verið að atvikinu né liggja fyrir nein gögn um ástand vélarinnar eða gólfsins við hana aftanverða á slysdagi. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að líta á upphaflega atvikalýsingu, sem fram kom við fyrstu komu M til læknis sem frumgagn í málinu og verður ekki byggt á síðar til kominni lýsingu M án frekari gagna er styðji við hana. Upphafleg lýsing á atvikum bendir þá til þess að meiðsli M sé að rekja til líkamsbeitingar hans sjálfs fremur en utanaðkomandi atburðar, og að umrætt atvik falli því ekki undir slyshugtak vátryggingaréttar.

### Niðurstaða.

Má ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V1. M á ekki rétt til bóta úr almennri slysatryggingu hjá V2.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson